

26. Konungleg Auglýsing til Alþingis um árangur af þegnlögum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853. 1855.
7. júní.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Ánægjusamlegt hefur Oss verið, að sjá það af störfum alþingismanna Vorra árið 1853, hve dyggilega þeir hafa kappkostað að efla gagn Vort og landsins.

Vjer höfum vandlega látið fhuga tillögur þingsins um lagafrumvörp þau, sem undir það voru borin, og önnur álitismál þess og uppástungur, og munum Vjer nú allramildilegast skýra frá hvað í þeim efnum hefur verið af ráðið.

I. Þessar rjettarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, er Vort trúa alþingi hefur sent Oss þegnlegar tillögur um:

1) 22. febrúar þ. á., opið brjef um fjölgun þingstaða í Árness sýslu.

2) 28. marz þ. á., tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

3) 9. maí þ. á., tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi.

4) s. d., opið brjef, er lögleiðir á Íslandi opið brjef 17. febrúar 1847, um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæztarjett í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja.

5) s. d., opið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1850 um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu.

6) s. d., opið brjef, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsingar þær, er áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur“, Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki framar eiga sjer stað.

Þessum konungsúrskurði, biður hún hann að sjá um, að kostnaður sá, er leiði af að meta upp aptur eins og fyrir er skipað í frumvarpinu, verði greiddur úr jarðabókarsjóðnum, þegar nefndin beiðist þess og móti kvittunarbrjefum hennar, ef að málið fái framgang að mestu leyti á þann hátt er stjórnin hafði stungið upp á.

1855.

7. júní. 7) 31. maí þ. á., tilskipun, er lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eptirlaun.

8) s. d., opið brjef, er lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

9) s. d., opið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850, um ávísanir embættislauna, og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram.

Á rjettarbótum þessum getur alþingi sjeð, hversu athugasemdir þær, er það hefur gjört um lagaboð þau, er nú voru talin, hafa verið grandgæfilega íhugaðar, og hvernig sumum af lagaboðum þessum hefur eptir þeim verið breytt, nákvæmar ákvörðuð og augin.

Þar eð alþingi hefur ráðið frá því, að löggilda á Íslandi nú sem stendur lög 5. apríl 1850, er leyfa útlendum Gyðingum að eiga dvöl hjer í ríkinu, hefur í þetta skipti verið látið við svo búið standa; en það er vilji Vor, að lög þessi verði á ný borin undir alþingi, svo það verði aptur íhugað, hvort ekki beri að lögleiða þau á Íslandi.

Alþingi hefur látið í ljósi álit sitt um jarðamatið á Íslandi, er fram fór árin 1849 og 1850. Verður nú borin undir þingið uppástunga um það, hvernig máli þessu, sem landinu er svo mikils um varðandi, verði komið í lag.

Eptir athugasemdum alþingis við lagafrumvarp, er undir það var borið, um stofnun barnaskóla í Reykjavík, hefur þurft að fá skýrslur hjá hlutaðeigandi embættismönnum á Íslandi um ýms atriði, er þingið benti á; er því mál þetta enn eigi svo á veg komið, að nýtt lagafrumvarp um það efni verði í þetta skipti borið undir alþingi.

II. Um þegnlegar bænarskrár, er Vort trúá alþingi hefur sent Oss, birtum Vjer alþingismönnum allramildilegast:

1) Viðvíkjandi þegnlegum bænarskrám alþingis um verzlunarfrelsi á Íslandi má skýrskota til laga 15. aprílm. f. á., um siglingar og verzlun á Íslandi, og opins brjefs 19. maí s. á., um það, að fastakaupmenn á Íslandi megi sigla á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún; þar að auki er 4. desember

f. á. komin út auglýsing um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrjef, og 24. marz þ. á. auglýsing um aukagjald fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.

1855.
7. júní.

2) Eptir því sem nú stendur á, hefur Oss ekki litizt í þetta skipti að bera undir álit alþingis, út af því sem farið var fram á í bænarskrá þess, frumvarp til laga um stöðu Íslands í ríkinu. Að öðru leyti skal standa við það, sem ákveðið er í allrahæztri auglýsingu 12. maí 1852, að eigi skal gjöra neina breytingu á stöðu Íslands í ríkinu, nema lagafrumvarp um það efni áður sje borið undir álit alþingis. En fulltrúi Vor á alþingi mun skýra þinginu greinilegar frá ástæðum þeim, er einkum rjeðu, þá er hin einstöku atriði í bænarskrá alþingis voru íhuguð.

3) Eptir bænarskrá alþingis verður nú borið undir álit þess frumvarp til tilskipunar um breytingu á tilskipun 8. marz 1843, viðvíkjandi kosningunum til alþingis.

4) Alþingi hefur beðið um, að lög þau, sem hjer eptir verða sett á Íslandi, verði einungis á íslenzku máli og staðfest með undirskript Vorri og svo ráðgjafa þess, er Vjer felum á hendur stjórn hinna íslenzku mála. Vjer getum eigi orðið við þessari bæn alþingis; eru enn til þess þær hinar sömu ástæður, sem áður hafa verið því til tálmunar, að þau tilmæli þingsins, sem fyr hafa verið fram borin í líka stefnu fleirum sinnum, yrðu til greina tekin; auk þess gjörir bænarskrá sú, sem hjer ræðir um, ráð fyrir því, að breytt verði tilhögun þeirri, er til þessa hefur átt sjer stað á meðferð hinna íslenzku mála í stjórnarráðunum, en þetta getur nú ekki orðið. Þar sem þingið enn fremur hefur farið fram á það, að lög þau, er eptirleiðis verða sett á Íslandi, sjeu einungis gefin út á íslenzku, þá getur þetta því síður komið til mála, sem það, ekki að eins þegar litið er til hinna dönsku þegna Vorra sem á Íslandi eru, heldur einnig til hæztarjettar, sem er æðsti dómstóll í íslenzkum dómsmálum, og ráðgjafanna, er hafa æðsta úrskurðarvald í íslenzkum stjórnarmálum, er nauðsynlegt, að lögin framvegis komi út einnig á dönsku máli. Þar á móti höfum Vjer allramildilegast ákveðið, að hin íslenzka útlegging laga þeirra, er eptirleiðis verða sett á Íslandi, verði staðfest af manni, er Vjer veitum vald til þess, og er sú sýsla

1855.

7. júní.

nú sem stendur falin á hendur forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar, etazráði Stephensen.

5) Eptir þegnlegri bænarskrá alþingis um sveitastjórn á Íslandi, verður nú frumvarp um það efni borið undir þingið.

6) Þar sem þingið hefur farið því fram í þegnlegri bænarskrá, að banki verði stofnaður á Íslandi, þá getum Vjer ekki orðið við bæn þessari eins og málið nú er í garðinn gjört, og munum Vjer láta fulltrúa Vorn skýra þinginu betur frá ástæðunum til þess.

7) Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að breyting verði gjörð á tilskipun 20. júní 1849 um veiði á Íslandi, er 22. marz þ. á. komið út opið brjef um bann gegn byssu-skotum á sel á Breiðafirði. En þar sem þingið enn fremur hafði beðið um, að slíkt bann gegn skotum á sel væri látið ná yfir allt það svið, sem er fyrir innan línuna frá Öndverðarnesi beint á Skipaskagatá á Akranesi, hefur ekki þótt næg ástæða til að veita þeirri bæn áheyrslu.

8) Þar sem alþingi hefur beðið um, að stofnaður væri búnaðarskóli á Íslandi, þá höfum Vjer eigi getað fallizt á að þetta væri gjört á þann hátt, sem stungið er upp á í bænarskránni; en þó eigi þurfi að búast við neinum styrk, til slíks fyrirtækis, úr ríkissjóðnum, má alþingi treysta því, að stjórnin á annan hátt, er við á, styrki það, ef það kynni að komast á fyrir viðleitni einstakra manna, og stofnunin fengi það skipulag og stjórn, sem vel hagar.

9) Oss hefur ekki þótt ástæða til að veita áheyrslu bænarskrá alþingis um breytingu á því, hvernig tekinn er gjaftollur í Gullbringusýslu og Reykjavíkur lögdæmi.

10) Þar sem alþingi hefur beðið um, að frumvarp til laga um breyting á hússtjórnarlögum á Íslandi, svo fljótt sem verða má, verði samið og borið undir þingið, þá hefur þetta ekki orðið gjört í þetta skipti, því það mál þarf talsverðan undirbúning. En stjórnin mun framvegis láta sjer vera annnt um, að þessu máli verði framgengt.

11) Alþingi hefur í þegnlegri bænarskrá farið þess á flot, að reikningar prentsmiðju Íslands verði nákvæmlega rannsakaðir,

1855.
7. júní.

og stjórn hennar breytt, og fleira þess konar. En ekki hefur nú sem stendur þótt ástæða til að breyta neinu í aðferð þeirri, sem nú er við höfð um stjórn prentsmiðjunnar, þar sem forstjóra hennar eru falin á hendur öll framkvæmdarstörf við hana, svo og að halda reikninga hennar, hvorttveggja undir umsjón stipts-yfirvaldanna; reikningarnir eru síðan endurskoðaðir í hinni íslenzku stjórnardeild, og lagður þar á þá úrskurður. Eigi hefur nú heldur þótt ástæða til að ákveða neitt um það, hvort selja skuli prentsmiðjuna eða ekki, eða um þau skilyrði, sem setja skyldi, ef hún yrði seld, eða um það, hvernig verja skyldi því fje, er fengist fyrir hana. Að öðru leyti mun stjórnin einnig framvegis hafa gætur á, hvort hagfelldast muni að prentsmiðjan sje alþjóðleg eign, eins og hingað til, eða hvort ráðlegt sje, að reyna að selja hana.

Til staðfestingar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefur verið um getið, höfum Vjer sent Yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúá alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

27. Ágrip af skýrslu innanríkisráðgjafans til konungs um bænarskrá alþingis um hin helztu undirstöðuatriði til stjórnarbótar á Íslandi¹.

7. júní.

Í allramildilegustu auglýsing 7. júní 1855 til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853, var því lýst yfir, að konungsfulltrúi skyldi skýra þinginu greinilegar frá ástæðum þeim, er einkum rjeðu, þá er íhuguð voru hin einstöku atriði í bænarskrá þingsins um stjórn-arfyrirkomulag Íslands í ríkinu; því stjórninni leizt ekki að bera

¹) Skýrslan til konungs er dagsett 28. febrúar. Þetta er auglýst í *Departementstidenden* 1855, 954.—960. bls.